

2.13 Jafnréttisáætlun 2018-2021

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, Jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Áætlunin nær til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og nemenda og er hluti af skólanámskrá Grunnskólans á Ísafirði.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. jafnréttis laga. Aðgerðir Grunnskólans á Ísafirði birtast hér í töflum fyrir neðan starfsmannakaflann annars vegar og nemendakaflann hins vegar.

Inngangur

Jafnrétti felur í sér að allir sitji við sama borð óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri eða andlegri fötlun. Allt skólastarf á að vera í anda jafnréttis og vera samofið leik og starfi nemenda og starfsfólks skólans. Stefna skólans er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni. Í jafnréttisáætlun skólans felst m.a. viðurkenning á því að gripið sé til sérstakra aðgerða til að jafna stöðu kynjanna.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og sér um að kosið sé í jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunarinnar.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd Grunnskólans á Ísafirði er skipuð 4 starfsmönnum skólans. Skólaárið 2017-2018 sitja í nefndinni þau Helga Björt Möller, Jón Hálfván Pétursson, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason.

Starfsmenn

Úr 18. og 19. gr. jafnréttis laga.

- Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

- Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.
- Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Úr 20. gr. jafnréttis laga

- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Úr 21. gr. jafnréttis laga

- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Úr 22. gr. jafnréttis laga

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Aðgerðaáætlun varðandi starfsmenn

| Markmið (Hvað?) | Aðgerð (Hvernig?) | Ábyrgð (Hver?) | Tímarammi (Hvenær?) |
|---|--|-------------------|------------------------|
| Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. | Launaleynd óæskileg, sömu laun fyrir sömu störf. | Skólastjóri | Alltaf í gildi |

| | | | |
|---|--|---|---------------------|
| Gæta skal þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast í nefndum, ráðum og áhrifastöðum innan skólans. | Bæði kynin hvött til þátttöku og umsókna um stöður. | Skólastjóri | Alltaf í gildi |
| Unnið að því að jafna stöðu kynjanna innan skólans. | Í auglýsingum skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga. Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráð við stöðuveitingar. | Skólastjóri | Alltaf í gildi |
| Aukinn sveigjanleiki í skipulagningu á vinnu og vinnutíma og tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna. | Góð samskipti milli skólastjórna og starfsfólks og heiðarleiki sé hafður í fyrirrúmi þegar eitthvað bjátar á. | Skólastjórnendur og starfsfólk | Skólaárið 2017-2018 |
| Að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi eða áreiti á vinnustaðnum. | Fræðsla til allra innan skólasamfélagsins. Útbúa þarf aðgerðaráætlun ef grunur er um kynbundið eða kynferðislegt áreiti á vinnustaðnum | Allir innan skólasamfélagsins. Aðgerðaráætlun er á ábyrgð skólastjóra. | Skólaárið 2017-2018 |

Nemendur

Úr 22. gr. jafnréttislaga

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Úr 23. gr. jafnréttislaga

- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Aðgerðaáætlun varðandi nemendur og heimili

| Markmið (Hvað?) | Aðgerð (Hvernig?) | Ábyrgð (Hver?) | Tímarammi (Hvenær?) |
|--|--|--|----------------------------------|
| Að nemendur hljóti fræðslu um jafnréttismál. | Vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknitímum og í skólastarfinu öllu. | Viðkomandi kennarar. | Alltaf í gildi. |
| Áhersla lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. | Allir nemendur hafi jöfn tækifæri til framboðs í stjórn nemendafélags skólans og þátttöku í félagsstarfi. | Allir starfsmenn. | Alltaf í gildi. |
| Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjum. | Hver kennari þarf að skima sitt námsefni m.t.t. kynjamismununar. Stundum getur þurft að taka námsefni úr umferð. | Kennari og skólastjórnendur bera ábyrgð á hvaða námsefni nemendum er boðið. | Námsefni skimað frá hausti 2017. |
| Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fáí strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. | Að störf sem kynnt eru séu kynnt á jafnréttisgrundvelli hvort sem um formlega eða óformlega fræðslu er að ræða. | Formleg fræðsla: námsráðgjafi Óformleg fræðsla í höndum kennara/starfsmanna. Skólastjórnendur | Alltaf í gildi. |

| | | | |
|--|---|--|----------------------------------|
| <p>Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólstarfinu</p> | <p>Jafnréttis skal gætt þegar verkefnum er úthlutað.</p> | <p>Skólastjóri</p> | <p>Frá upphafi skólaárs 2017</p> |
| <p>Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.</p> | <p>Gefa nemendum tækifæri á að ræða jafnrétti kynja og þjálfa orðaforða sem nýtist í umræðu um kynin. Stöðug fræðsla til nemenda og starfsfólks</p> | <p>Allir starfsmenn</p> <p>Skólastjórn.</p> <p>Skólastjórnendur í samráði við skólahjúkrunarfræðing.</p> | <p>Alltaf í gildi.</p> |
| <p>Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólstarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns. Hvetja báða foreldra til að koma á fundi/viðburði</p> | <p>Hvetja til þess að báðir foreldrar mæti á foreldrafundi og taki þátt í foreldrasamstarfi.</p> | <p>Umsjónarkennarar og skólastjórnendur.</p> <p>Foreldrasamfélagið</p> | <p>Alltaf í gildi.</p> |